



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. mars 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi, 184. mál.

Tilv. 201903-0010

Bændasamtök Íslands fengu senda tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi, með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis þann 27. febrúar sl. Frestur til að skila umsögn var veittur til 13. mars.

Bændasamtökin hafa farið yfir efni tillögunnar og styðja eindregið að hún verði samþykkt. Samtökin leggja jafnframt mikla áherslu á að litið verði til skýrslu starfshóps um eignarhald á bújörðum, verði tillagan samþykkt. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði starfshópin í júní 2017 sem skilaði skýrslu þann 31. ágúst 2018. Þar eru lagðar til breytingar á lögum í þeim tilgangi að viðhalda ræktanlegu landbúnaðarlandi og búsetu í sveitum landsins.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir